

**Ed.**

**587. Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald af sild o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Af hverri sildartunnu (108—120 ltr.) skal greiða í rikissjóð 3 kr., af hverjum 100 kg. af fódurmjöli og fódurkökum 1 kr. 50 au. og af hverjum 100 kg. af áburðarefnum 50 au.

2. gr.

Gjald það, er ræðir um í 1. gr., greiðist af þar töldum vörum, þegar þær eru fluttar út í skipum, sem afgreidd eru frá landinu, eða í skipum, sem stunda sildveiðar í landhelgi, þótt sildin sje eigi flutt í land. Enn fremur nær gjaldið til sildar, sem veidd er utan landhelgi, ef hún er verkuð eða söltuð á höfnum inni eða í landhelgi.

Endurgreiða má hjer búsettum rikisborgurum og öðrum hjer búsettum mönnum, er sama rjett hafa að lögum,  $\frac{2}{3}$  útflutningsgjalds sildar, ef þeir sanna áður ár liður frá útskipun, með staðfestu vottorði lögskipaðs

miðlara á sölustað sildarinnar, eða á annan hátt, að hún hafi selst undir kostnaðarverði.

Lögreglustjóri á útskipunarhöfn annast endurgreiðsluna, að fengnu samþykki stjórnarráðsins.

3. gr.

Brot úr tolleiningu, sem er  $\frac{1}{2}$  eða meira, telst heil tolleining, en minna broti skal slept.

4. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Gjaldið greiðist lögreglustjóra þar, sem varan er tekin, eða ef varan er eigi flutt úr landi, þá þar, sem skip leggur frá landi.

5. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutadeigandi lögreglustjóra í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskirteinum eða öðrum hleðsluskjölum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið, gefin að viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari gr.

6. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu.

7. gr.

Lögreglustjórar skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjaldinu, eftir því sem stjórnarráðið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—5000 kr., nema þyngri retsing liggja við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í rikissjóð.

Ef lögreglustjóri hefir grun um, að skilríki þau, er um getur í 5. gr., sjeu röng, skal hann rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella rikissjóður.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 16, 4. nóv. 1881, að svo miklu leyti sem þau eru eigi áður numin úr lögnm, og lög nr. 14, 14. ágúst 1919.